

Framhaldsskóli fyrir alla
Upplifun nemenda sérnámsbrautar af þátttöku í
skólasamfélaginu

Hafdís Hrund Gísladóttir og Solveig María Kristinsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði
Leiðsögukennari: Guðrún Stefánsdóttir

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Framhaldsskóli fyrir alla, upplifun nemenda sérnámsbrautar af þátttöku í skólasamfélaginu.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Proskapjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Hafdís Hrund Gísladóttir og Solveig María Kristinsdóttir.

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Viðfangsefni verkefnisins var að skoða upplifun nemenda á sérnámsbraut á framhaldsskólagöngunni og þátttöku í almennum áföngum. Bakgrunnur verkefnisins er sá að höfundar voru við vettvangsnám á sérnámsbraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla á vormisseri 2012. Áður en vettvangsnámið hófst kynntum við okkur þann starfsramma sem íslenskum framhaldsskólum er gert að starfa innan ásamt því að kynna okkur hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar sem á lögum samkvæmt að endurspeglast í starfi skóla á öllum menntastigum þessa lands. Við undirbúninginn vöknudu spurningar um það hvernig nám á sérbrautum samræmdest yfirlýstri stefnu Íslendinga í menntamálum og hvort unnið væri að því að draga úr slíkri aðgreiningu. Ennfremur þótti okkur áhugavert að skoða hver upplifun nemenda sérnámsbrauta væri af skólagöngunni og af því að vera í eldlínunni þegar skrefin eru tekin í átt frekari þátttöku í skólasamfélaginu.

Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á upplifun nemenda af því að sækja almenna áfanga utan sérnámsbrautar, með það að augnamiði að komast að því hvort ríkjandi stefna um skóla án aðgreiningar er það sem þau telja henta sér. Við fjöllum einnig um upplifun þeirra af sérnámsbrautinni og félagslegri þátttöku innan skólans. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 5 nemendur sérnámsbrautar í Fjölbrautaskólanum við Ármúla á aldrinum 16-20 ára. Við notuðumst við eigindlega rannsóknaraðferð í formi þátttökuathuganna og opinna viðtala.

Helstu niðurstöður verkefnisins benda til þess að nemendur séu almennt ánægðir með núverandi fyrirkomulag þar sem þeir eigi athvarf inni á sérnámsbraut en standi þó til boða að sækja aðra áfanga skólans. Niðurstöður okkar benda einnig til þess að stuðningur utan sérnámsbrautar sé af skornum skammti og hefur áhrif á möguleika þeirra til þátttöku í almennum áföngum og félagslífi skólans. Rannsóknin tekur einungis mið af aðstæðum og upplifun nemenda við einn framhaldsskóla og hefur því ekki alhæfingargildi. Hins vegar væri áhugavert að sjá hvort niðurstöðurnar eru sambærilegar því sem gengur og gerist í öðrum skólum.

Formáli

Ritgerðin „Framhaldsskóli fyrir alla, upplifun nemenda sérnámsbrautar af þátttöku í skólasamfélaginu“ er 10 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið var unnið á vormisseri 2012 undir leiðsögn Guðrúnar Valgerðar Stefánsdóttur dósents við íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands. Við færum henni sérstakar þakkir fyrir gott samstarf og leiðsögn við vinnu verkefnisins. Vinnuferlið hefur verið krefjandi og tímafrekt og við þökkum fjölskyldum okkar fyrir ómældan stuðning og þolinmæði á tímabilinu. Sérstakar þakkir fá starfsmenn sérnámsbrautar Fjölbrotaskólans við Ármúla fyrir stuðning og leiðsögn á vettvangi. Ef ekki væri fyrir jákvæðni þeirra og víðsýni hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Stærstar þakkir færum við þó viðmælendum okkar en þeirra reynsla og hugmyndir eru það sem verkefnið byggir á.

Hafdís Hrund Gísladóttir og Solveig María Kristinsdóttir Apríl 2012

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Inngangur	7
1. Fræðilegur bakgrunnur	8
Ólíkur skilningur á fötlun	9
Rétturinn til náms	11
Lagaumhverfi og sáttmálar	11
Skóli án aðgreiningar	12
Framhaldsskólinn og sérnámsbrautir	14
Sérnámsbraut Fjölbautarskólans við Ármúla	15
Samantekt.....	17
2. Rannsóknin	18
Rannsóknaraðferðir.....	19
Gagnaöflun og þátttakendur.....	19
Þáttökuathugun	20
Viðtöl	20
Greining gagna	21
3. Helstu niðurstöður.....	22
Félagsleg þátttaka	22

Nám.....	24
Líðan nemenda	27
Samantekt.....	29
4. Tillögur að úrbótum.....	30
Vettvangur fræðslu.....	30
Undirbúningur.....	32
Framkvæmd fræðslu.....	33
Árangur sem stefnt er að.....	34
Lokaorð.....	34
Heimildir.....	36

Inngangur

Rétturinn til náms öllum til handa hefur verið yfirlýst stefna í íslenskum menntamálum síðustu ár. Þó svo að stjórnvöld hafi skrifað undir samninga og yfirlýsingar er ekki þar með sagt að þeir séu bundnir í lög, þangað til er undirritun í raun einungis viljayfirlýsing. Íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt verðmæti hvernar manneskju og réttindi hennar en okkur þótti áhugavert að sjá að hvaða leyti viljayfirlýsingum um nám fyrir alla hefur verið komið í framkvæmd og á hvaða hátt. Við erum að ljúka námi okkar til BA gráðu í þroskaþjálfarafræði frá Háskóla Íslands núna í vor og förum út í atvinnulífið með góðan grunn fróðleiks eftir skemmtilegt nám. Þróun og hugmyndafræði hafa tekið hröðum framförum og mikill munur er á lífi fatlaðs fólks í dag og upp úr aldamótunum 1900. Fatlað fólk hefur færst nær fullgildri samfélagsþátttöku úr nær algjörri einangrun þar sem það var vistað á altækum stofnunum. Í lok sjöunda áratugs tuttugustu aldar hófst barátta fatlaðs fólks sjálfs og hugtök eins og sjálfsákvörðunarréttur og valdefling verða til í kjölfarið. Þessi þróun og starf baráttuhreyfinga fatlaðs fólks hefur skilað sér í aukinni vitund um mannréttindi og gildi þeirra. Auk þess hefur hún haft áhrif á þróun nýrra sáttmála og samninga með það að markmiði að tryggja mannréttindi og frelsi öllum til handa ásamt banni við allri mismunun. Í framhaldsskólunum einkennist starf skólans í þágu fatlaðra nemenda af sérnámsbrautarkerfi þar sem þeir fá þá aðstoð og stuðning á sérstakri braut þar sem aðeins ungmenni á aldrinum 16 - 20 ára með fötlunargreiningu geta stundað nám.

Í ljósi þess hve mikilvægt er að fatlað fólk skuli vera þátttakendur í stefnumótun þeirra málefna sem það varðar þótti okkur áhugavert að athuga hver upplifun þeirra nemenda sem eru í fremstu víglínu þegar kemur að aukinni þátttöku innan skólans væri af fyrirkomulaginu eins og það er í dag. Okkur þótti einnig skipta máli að rannsóknin nýttist þeim sem vettvangur til þess að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri. Þegar við höfðum kynnst lítillaga starfi framhaldsskólans lögðum við upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

1. Hver er upplifun nemenda á sérnámsbraut af þátttöku í almennum áföngum innan skólans?
2. Hver er upplifun nemenda af sérnámsbrautinni?
3. Hver er upplifun nemenda af félagslegri þátttöku innan skólans?

Verkefnið er byggt upp á þann hátt að við byrjum á því að skoða fræðilegan bakgrunn verkefnisins þar sem við förum yfir ólíkan skilning á fötlun. Réttinn til náms, lagaumhverfið og sáttmála, hugmyndafræðina á bak við skóla án aðgreiningar og framhaldsskólaumhverfið og sérnámsbrautirnar. Einnig öfluðum við okkur upplýsinga með eigindlegri rannsókn þar sem við tókum viðtöl við fimm nemendur sérnámsbrautar framhaldsskóla um efnið. Að lokum settum við fram þróunaráætlun þar sem við áætlum að koma af stað verkefni sem aðstoðar framhaldsskólann við að komast skrefi nær hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar.

1. Fræðilegur bakgrunnur

Fræðilegum hluta verkefnisins er ætlað að varpa ljósi á þá hugmyndafræði, lög og reglugerðir og þau mannréttindasjónarmið sem skulu höfð til viðmiðunar í menntamálum Íslendinga. Fyrst verður rakin þróun ólíks skilnings á fötlunarhugtakinu. Þar á eftir verður rétturinn til náms skoðaður auk þess lagaumhverfi og sáttmálar sem snúa að þeim rétti. Því næst verður hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar skoðuð ásamt framhaldsskólanum og því sérnámsbrautarúrræði sem fötluðum nemendum stendur til boða. Að lokum verður rannsóknarvettvangurinn, sérnámsbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla, kynntur.

1.1 Ólíkur skilningur á fötlun

Sá skilningur sem hefur verið ríkjandi á fötlun allt fram á síðari hluta 20. aldar og enn eimir af er sá að fötlun einstaklingsins eigi uppruna sinn í skerðingunni fremur en í þeim hindrunum sem hann mætir í lífi sínu og umhverfi. Þessi skilningur á fötlun hefur verið kallaður læknisfræðilegur af þerri ástæðu að samkvæmt honum er fötlun skilgreind sem óeðlilegt ástand, andstæður póll við ákjósanlegt heilbrigði. Fötlun sé því eitthvað sem þarf að greina svo unnt að lækna eða laga. Fötlunin liggir af þeim sökum hjá einstaklingnum sjálfum án þess að umhverfi hans væri skoðað sem áhrifaþáttur. Læknisfræðilegur skilningur á fötlun hefur í gegnum söguna verið mikill áhrifavaldur í því hvernig lífi fólks með fötlun hefur verið hagað eftir að það hefur hlotið greiningu. Það hefur verið stimplað sem frávik frá hinu „eðlilega“ og aðskilið frá hinum „eðlilegu“.

Aðskilnaðurinn var í formi þess að hér áður fyrr var fólk vistað á altækum stofnunum þar sem það fékk alla þá þjónustu sem það var talið þurfa á að halda án þess að þurfa að stíga fæti út úr húsi (Margrét Margeirsdóttir, 2004).

Í kjölfar gagnrýni á læknisfræðilegan skilning á fötlun urðu til nokkur afbrigði félagslegs skilnings en þau eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á umhverfi einstaklingsins og þær hindranir sem það skapar, sem stóran þátt í fötluninni (Rannveig Traustadóttir, 2003) og færa þannig sjónarhornið af skerðingu einstaklingsins og setja í samhengi við aðstæður hverju sinni. Ein róttækasta skilgreiningin á fötlun og jafnframt sú umdeildasta er breska félagslega líkanið sem á upphaf sitt að rekja til áttunda áratugar síðustu aldar. Hópur fatlaðra baráttumanna þar í landi sem kölluðu sig UPIAS (Union of the Physically Impaired Against Segregation) gáfu út yfirlýsingu árið 1976 sem lýsti því yfir að fötlun fólks með skerðingar væri af völdum samfélagsins. Fötlunin væri afleiðing þeirrar undirokunar sem hafi einkennt tengsl fólks með skerðingar og annara þegna samfélagsins (Shakespeare, 2006; Rannveig Traustadóttir, 2003). Þessi yfirlýsing lagði grunninn að breska félagslega líkaninu en það felur í sér róttæka enduskilgreiningu á fötlun. Samkvæmt því er fötlun endurskilgreind á þann hátt að hún sé niðurstaða félagslegs fyrirkomulags sem útskúfi og undiroki fólk sem búi við skerðingar af einhverjum toga. Samkvæmt þeim skilningi er

fötlun form félagslegrar undirokunar þar sem félagslegar hindranir ákvarði möguleika fólks með skerðingar og það hvernig það hagi lífi sínu (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Sú gagnrýni á breska félagslega líkanið sem hæst hefur farið er sú að það einskorðist við fólk með líkamlegar skerðingar en taki ekki tillit til fólks með aðrar skerðingar, svo sem þroskahömlun, geðræna erfiðleika eða jafnvel heyrnarskerta (Shakespeare, 2006; Thomas, 2006 ; Rannveig Traustadóttir, 2003).

Á Norðurlöndum hefur félagslegur skilningur verið ríkjandi sem kallaður hefur verið norræni tengslaskilningurinn. Sá skilningur á fötlun gengur ekki jafn langt í áherslum sínum á samfélags- og umhverfisáhrif og breska líkanið. Markmiðið með þróun þess var upphaflega að finna hugtak sem nota mætti sem yfirhugtak yfir allt fatlað fólk sem hefði ekki óæskilega neikvæða merkingu sem tengdist eldri hugtökum (Tøssebro, 2004). Meginþættir líkansins eru þrír. Í fyrsta lagi að fötlun sé misgengi á milli einstaklings og samfélags. Samfélagið geri ekki ráð fyrir fólki sem er óvenjulegt í samanburði við meirihlutann. Í öðru lagi að fötlun sé bundin aðstæðum og að skerðing einstaklings sé ekki fatlandi nema þetta misgengi sé til staðar. Einstaklingur sem notar hjólastól er ekki fatlaður af því að hann notar hjólastólinn heldur vegna þess að hann hefur ekki aðgang að öllum gæðum samfélagsins þegar ekki er gert ráð fyrir því að hann komist leiðar sinnar með öðrum hætti en á tveimur jafnfljótum. Í þriðja lagi tekur norræni tengslaskilningurinn ráð fyrir því að fötlun sé afstæð í því ljósi að hún verður til í félagssögulegu rúmi. Með því er átt við að það sé háð tíma og rúmi hvernig og hvort skerðingar eru skilgreindar sem fatlanir. Það hefur til að mynda verið sveiflukennt hvaða viðmið hafa verið notuð til skilgreiningar á þroskahömlun. En í Evrópu á 20. öld sveiflaðist viðmiðið um þroskahömlun frá greindarvísitölu á bilinu 50-85 sem segir okkur það hversu stór hluti þjóðar er skilgreindur með þroskahömlun hverju sinni fer eftir viðmiðum samfélagsins (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Þegar íslenskir framhaldsskólar eru skoðaðir í ljósi fyrrnefndra skilgreininga á fötlun kemur í ljós að þeir byggja að mörgu leiti á gamla læknisfræðilega skilningnum. Meistararitgerðum þeirra Helgu Gísladóttur (2007) og Hrafnhildar

Ragnarsdóttur (2005) ber saman um að skerðing nemenda sé lögð til grundvallar bæði við inntöku nemenda og náms þeirra en slík flokkun hefur skíra tilvísun í læknisfræðilegan skilning á fötlun.

1.2 Rétturinn til náms

Mannréttindahugtakið hefur verið skilgreint á ýmsa vegu en kjarni þess er þó alltaf sá sami, viðurkenning á því að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna, 2008). Mannréttindum má þó skipta í tvo flokka, griðarétt og gæðarétt. Griðaréttur snýr að vernd gegn hvers konar ofríki, ofbeldi eða misrétti og krefst þess að fólk sé látið í friði. Gæðaréttur snýr hins vegar að því sem ríki ber skylda til að veita þegnum sínum. Til griðaréttar telst réttur til heilbrigðis og lífsviðurværis auk réttar til menntunar (Vilhjálmur Árnason, 2003). Oft er litið á réttinn til menntunar sem sjálfsagðan hluta mannglegrar reisnar, félagsleg réttindi sem geta því talist nauðsynleg forsenda þess að fá notið annara mannréttinda. Rétturinn til náms er ásamt öðrum mannréttindum skráður í alþjóðasáttmála og samninga sem byggja á þeim skilningi að lög sem brjóta gegn þeim séu óréttlát (Brynhildur G. Flóvenz, 2004). Íslendingar eru til að mynda aðildarþjóð að öllum helstu gildandi mannréttindasamningum en þrátt fyrir það eru þeir samningar og sáttmálar sem undirritaðir hafa verið fyrir hönd Íslendinga ekki sjálfkrafa bundnir í lög. Hins vegar eru þessir samningar hafðir sem viðmið við gerð laga.

1.3 Lagaumhverfi og sáttmálar

Allir eiga rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum. Grunnskólamenntun skal vera skylda. Starfsmenntun og sérmenntun skal standa öllum til boða og háskólamenntun vera öllum jafnfrjáls á hæfnisgrundvelli (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna, 2008).

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna var undirrituð árið 1948 og hefur verið höfð að leiðarljósi við gerð samninga sem varða mannréttindi ýmissa hópa

síðan þá (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna, 2008). Þrátt fyrir að vera ekki bindandi að lögum fyrir aðildaríki SP hefur hún haft mikil áhrif og eftir tilkomu hennar fela flestar stjórnarskrár í sér þær meginreglur sem í henni birtast auk þess sem flestir samningar, yfirlýsingar og samþykktir sem hafa í kjölfarið verið mótaðar byggja á henni (Brynhildur G. Flóvenz, 2004). Yfirlýsingunni er eðli sínu samkvæmt ætlað að fjalla um mannréttindi alls fólks, þar á meðal fatlaðs fólks sem á sömu kröfu og aðrir til mannréttinda. Þrátt fyrir það hefur fatlað fólk ekki hlotið sömu tækifæri og haft sama aðgengi að gæðum samfélagsins og aðrir. Af þeim ástæðum þótti ástæða til að ítreka þau ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með sérstökum samningi sem unninn var í samvinnu við fatlað fólk og hefur að grundvelli hugmyndina um mannlega reisn óháð framlagi fólks eða notagildi í samfélaginu. Meðal þess sem ítrekað er í samningnum er rétturinn til náms. Aðildaríki samningsins skuli viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar og koma í því skyni á menntakerfi án mismunar (Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2009). Íslensk stjórnvöld hafa þannig viðurkennt mikilvægi náms öllum til handa og árið 1994 undirrituðu Íslendingar Salamanca yfirlýsinguna. Með undirritun hennar viðurkenndu aðildaríkin nauðsyn þess að veita fötluðu fólki menntun við hæfi innan almenna skólakerfisins. Sú undirritun markaði ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að fylgja stefnu um skóla án aðgreiningar.

1.4 Skóli án aðgreiningar

Eins og fram hefur komið er yfirlýst stefna Íslendinga í menntamálum sú að starfað skuli eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar (Salamanca yfirlýsingin, 1994, Lög um framhaldsskóla nr.92/2008, Lög um grunnskóla nr.91/2008, Lög um leikskóla nr.90/2008). En hvað felst í skóla án aðgreiningar og hvers vegna hefur þessi hugmyndafræði sótt í sig veðrið undanfarin ár?

Blöndun er hugmyndafræði sem gengur út á það að fatlað fólk og ófatlað sé ein óaðgreind heild (Dóra S. Bjarnason, 2006). Af þeim grunni sprettur hugmyndafræði um nám án aðgreiningar sem eykur enn á kröfur um blöndun fatlaðs fólks og ófatlaðs í skóla án aðgreiningar (Gerður G Óskarsdóttir, 2000).

Skóli án aðgreiningar er skóli sem leggur áherslu á að hver og einn nemandi skólans sé fullgildur meðlimur í skólasamfélaginu þar sem komið er til móts við þarfir hans við sömu aðstæður og annara nemenda (Mara Sapon-Shevin, 2007). Hér áður fyrr komu skólar til móts við mismunandi námsþarfir nemenda með námsaðgreiningu þar sem nemendum var skipt upp í deildir og bekkir eftir getu. Þessi flokkun, sem er mjög í anda læknisfræðilegs skilnings á fötlun, leiðir af sér sérdeildir þar sem þeir nemendur sem féllu ekki undir viðmið um eðlilega námsframvindu voru aðskildir frá jafnöldrum sínum. Í dag þykir námsaðgreining af þessu tagi ekki jafn sjálfögð innan grunnskólanna og áður var en hún er þó enn við líði innan framhaldsskólanna. Skóli sem starfar eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar gætir þess að öllum nemendum sé kennt saman eins og kostur er, þar sem allir stefna að sama markmiði en á mismunandi hátt. Hver nemandi lærir á sínum forsendum þar sem ýmsar leiðir eru að sama takmarki. Það sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum en þegar öllu er á botninn hvolft er útkoman sú sama (Gerður G Óskarsdóttir, 2000). Nýr skilningur á fjölbreyttum námsþörfum nemenda í skóla fyrir alla hefur leitt af sér að nú er notast við hugtakið námsaðlögun í stað námsaðgreiningar. Með námsaðlögun er réttur hvers nemenda að fá að stunda nám við hæfi við hlið jafnaldra sinna virtur og skólinn kemur þannig til móts við þarfir nemendans og aðlagar sig að þeim (Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 2005).

Starf kennara í skóla án aðgreiningar felst í því að laga kennsluna að þörfum allra nemenda bekkjarins. Í stað þess að hann einblíni á takmarkanir nemenda og vinni svo að því að laga þá að náminu þarf hann að aðlaga námsefnið og kennsluna að þörfum hvers og eins. Slík vinna krefst þess oft að kennari sækir sér stuðning og fræðslu til annara fagmanna í teymisvinnu þar sem mörk sérkennara, kennara, þroskaþjálfara og annara fagmanna hverfa í ljósi þess að allir vinna að sama markmiði með velferð og framtíðarmöguleika hvers nemenda í huga (Ferguson, Ralph, Meyer, Lester, Droege, Guðjónsdóttir, Sampson og Williams, 2012/2001).

Skólagangan snýst þó ekki einungis um það formlega nám sem fram fer í kennslustundum heldur hefur skólinn gríðarleg áhrif á félagslega mótun nemenda sinna. Það má því ekki gleymast að nám án aðgreiningar beinist líka að félagslegu hliðinni þar sem hugmyndafræðin vinnur gegn hverslags aðgeiningu hvort sem það lýtur að náminu og námsefninu eða skólasamfélaginu í heild (Dóra S Bjarnason, 2010).

Skólastarfið ætti að snúast um það hvað hentar hverjum og einum að tileinka sér til þess að geta verið virkur þátttakandi í samfélaginu en ekki einungis það sem nemendur læra (Ferguson o.fl., 2012/2001). Námið ætti að miða að frammistöðu og hæfni sem skiptir máli fyrir nemandann, fjölskyldu hans og nærsamfélag. Takist skólanum þetta ekki er réttara að tala um skólavanda frekar en námsvanda einstaklings (Rúnar Sigbórsson o.fl., 2005). Þessi sýn á skólastarfið er mjög í anda félagslegs skilnings á fötlun þar sem umhverfið er viðurkenndur áhrifavaldur að fötlun einstaklings. Einstaklingurinn er ekki uppspretta vandans heldur umhverfið sem honum er gert að laga sig að.

1.5 Framhaldsskólinn og sérnámsbrautir

Íslenskir skólar starfa allir eftir lögum um sitt skólastig (Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr.91/2008, Lög um framhaldsskóla nr.92/2008). Lög allra skólastiga kveða á um rétt nemenda með sérþarfir til þess að komið sé til móts við námsþarfir þeirra en lög um grunnskóla eru þau einu sem taka það fram að slík þjónusta skuli fara fram í almennum grunnskóla án aðgreiningar (Lög um grunnskóla nr.91/2008). Aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 er ætlað að ramma inn þá stefnu í námi og kennslu eins og hún hefur mótast í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Hún skal höfð til leiðsagnar um tilgang skólastarfsins og markmið þess en framhaldsskólum er ætlað að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemenda nám við hæfi (Aðalnámskrá Framhaldsskóla, 2011). Í 16.grein aðalnámskrár framhaldsskóla er kveðið á um skyldur hvers skóla til að

haga starfi sínu í samræmi við aðalnámskrá en að jafnframt hafi þeir víðtækar heimildir til þess að laga námskrár að þörfum fatlaðra nemenda (Aðalnámskrá Framhaldsskóla, 2011).

Árið 1996 var með nýjum lögum um framhaldsskóla fyrst fest í lög að þeir skuli annast kennslu fatlaðra nemenda (Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996). Fram að því höfðu þó verið starfræktar deildir innan framhaldsskóla ætlaðar nemendum sem ekki réðu við námskröfur almennra námsbrauta, en árið 1985 var slík deild stofnuð á Akureyri og ári síðar við Iðnskólann í Reykjavík. Í kjölfar lagasetningarinnar fjölgaði sérbrautunum og í dag eru þær starfræktar við fjölmarga framhaldsskóla víðs vegar um landið. Sérbrautirnar eru ætlaðar fötluðum nemendum, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt 2.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Þar skal fötluðum nemendum veitt aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur. Fyrstu árin var starfað eftir drögum að námskrá sérbrauta en árið 2000 gaf menntamálaráðuneyti út fyrstu námskrána og í dag starfa sérbrautir framhaldsskóla eftir námskrá sérbrauta frá árinu 2005 sem er ætlað að gefa leiðbeiningar og viðmið um skipan náms fyrir fatlaða nemendur (Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla sérdeildir, 2005).

1.5.1 Sérnámsbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla

Sérnámsbrautin við F.Á. tók til starfa árið 2004 og er ætluð fötluðum nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, hafa verið í sérdeild eða sérskóla og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á almennum brautum framhaldsskólans. Markmið brautarinnar er að nemendur fái tækifæri til að stunda nám við sitt hæfi innan félagsheildar fjölbrautaskóla til að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs (Fjölbrautaskólinn við Ármúla e.d.).

Nemendurnir eiga kost á fjögurra ára framhaldsnámi við skólann að loknu grunnskólanámi og útskrifast með sama einingafjölda og aðrir nemendur skólans. Námið sem liggur að baki hverri einingu er bundið við getu og þarfir einstaka nemanda. Kennslan er byggð á námsáætlunum fyrir bekkjarhópa og einstaklinga

en leitast er við að áætlanir hafi skýra tengingu við aðalnámskrá framhaldsskóla þó að markmiðin og leiðir að þeim séu við hæfi hvers og eins. Í 34.gr. laga um framhaldsskóla nr.91/2008 segir að nemendur með fötlun skuli stunda nám við hlið annara nemenda eftir því sem kostur er. Í F.Á. er unnið að því markmiði með þeim hætti að nemendur fá að mestu kennslu í sínum bekk innan sérnámsbrautar en þar sem því verður við komið sækja þeir almenna áfanga þar sem námsefnið er aðlagð að þeirra þörfum. Þeir njóta svo stuðnings umsjónarkennara við úrvinnslu námsins og heimavinnu. Með það að augnamiði er leitað eftir samstarfi við aðra kennara skólans um að þeir hafi opinn hug fyrir þátttöku nemenda sérnámsbrautar í almennum námsgreinum. Áður en nemandi á sérnámsbraut er skráður í almenna áfanga er að ýmsu að hyggja og við Fjölbrautaskólann við Ármúla er miðað við eftirfarandi þætti og þeir skoðaðir í samvinnu við nemanda:

- Mun nemandinn njóta gagns eða hafa gaman af því að taka þátt í kennslustundum og getur hann á einhvern hátt samlagast hópnum sem sækir áfangann?
- Þess þarf að gæta að nemandinn hafi nægan tíma til að komast á milli staða.
- Hugleiða þarf tímafjölda og það hvort nemandinn þurfi alltaf að sitja út tímann.
- Meta þarf í samráði við nemanda hvort hann sé tilbúinn til þátttöku og hvort hann njóti góðs af frekari undirbúningi.
- Kennari áfangans þarf að samþykkja þátttöku nemandans og vera í samráði við umsjónarkennara við mat á árangri við lok tímabils.

- Undirbúa þarf aðra nemendur sem sækja áfangann.

Unnið að er því að nemendur á sérnámsbraut einangrist ekki heldur séu sjálfsagður hluti af skólaheildinni. Séu sýnilegir í daglegu starfi og taki þátt í félagslífi skólans. Þrátt fyrir þessi háleitu markmið er upplifun nemenda með þroskahömlun af framhaldsskólanum misjöfn og ekki alltaf í samræmi við þau. Nemendur í almennum áföngum upplifa oft einmanaleika þar sem þeir eiga ekki auðvelt með að eignast vini meðal ófatlaðra nemenda. Þeir tala um að sérdeildin veiti þeim öryggi og að þeir eigi auðveldara með að einbeita sér að náminu í minni hópum með meiri stuðningi (Dóra S Bjarnason, 2010). Margir skólar hafa reynt að finna leiðir til þess að aðstoða nemendur sérnámsbrauta við að mynda vinatengsl við aðra nemendur innan skólans, hvort sem þeir sækja almenna áfanga eða ekki stendur þeim til boða að eiga ófatlaðan skólafélaga. Skólafélaginn tengist nemenda og er honum til stuðnings við hinar ýmsu athafnir innan skólans og fær að launum ákveðinn einingafjölda skráðan á námsferil sinn (Fjölbrautaskólinn við Ármúla e.d). Rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) sýnir fram á að slíkur jafningjastuðningur leiði oft á tíðum til aukinna samskipta og að þau geti aukið félagsfærni fötluðu nemendanna og þeir þá lært af þeim hver ríkjandi menning unglunga innan skólans sé.

1.6 Samantekt

Eins og fram hefur komið er ríkjandi stefna í menntamálum Íslendinga sú að unnið sé eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Reglugerðin sem íslenskum menntastofnunum er skylt að starfa eftir ber þess skýrt merki. Þrátt fyrir það virðist minni áhersla lögð á fulla þátttöku fatlaðra nemenda í framhaldsskólum en á yngri skólastigum. Það virðist hafa skapast ákveðin sátt um þau sérúrræði sem fötluðum nemendum, sem eiga þess ekki kost að stunda nám á almennum brautum framhaldsskóla, stendur til boða. Sérúrræðin sem slík eru þó mjög í anda læknisfræðilegs skilnings á fötlun þar sem inntökuskilyrði á sérbrautir eru háðar fötlunargreiningu nemenda. Við nánari skoðun virðist þó vera unnið að frekari þátttöku fatlaðra nemenda innan framhaldsskólanna á

sérbraut en engin sameiginleg áætlun eða stefna er í þeim málum heldur vinnur hver skóli að sínum markmiðum.

2. Rannsóknin

Hér á eftir verður fjallað um aðdraganda rannsóknarinnar, aðferðafræðina sem við beittum við framkvæmd rannsóknar og markmið hennar. Við fjöllum einnig um eigindlegar aðferðir við rannsóknir, hvernig staðið var að gagnaöflun og hvernig úrvinnsla gagna fór fram. Rannsóknin var unnin við Fjölbrautaskólann við Ármúla þar sem nemendur sérnámsbrautarinnar stunduðu langflestir grunnskólanám sitt í sérdeildum almennra grunnskóla eða í sérskólum. Í allri umræðu um skóla án aðgreiningar þar sem áhersla er lögð á rétt nemenda til að stunda nám við hæfi við hlið jafnaldra sinna og yfirlýsta stefnu íslenskra stjórnvalda þess efnis þótti okkur áhugavert að skoða hver upplifun nemenda brautarinnar var af því að sækja almenna áfanga innan skólans og hvaða áhrif fyrrnefnd stefna í íslenskum menntamálum hefur á þá. Eftir því sem leið á rannsókina þróaðist sjónarhorn okkar líka og til þess að fá heildrænni mynd af upplifun nemendanna af skólanum þótti okkur einnig mikilvægt að fá að vita hver þeirra upplifun væri af sérnámsbrautinni, náminu sjálfu og félagslegri þátttöku innan skólans. Að lokum þótti okkur við hæfi að fá að vita hvort nemendur hefðu einhverjar skoðanir á því hvernig mætti standa betur að málum þeirra innan skólans.

Rannsóknarspurningar okkar eru þrjár.

4. Hver er upplifun nemenda á sérnámsbraut af þátttöku í almennum áföngum innan skólans?
5. Hver er upplifun nemenda af sérnámsbrautinni?
6. Hver er upplifun nemenda af félagslegri þátttöku innan skólans?

2.1 Rannsóknaraðferðir

Sú aðferð sem við unnum eftir er kennd við eigindlega aðferðafræði. Eigindleg rannsóknaraðferð er sérstaklega vel til þess fallin að gefa innsýn í reynsluheim þátttakenda en með slíkri aðferð afla rannsakendur upplýsinga úr reynsluheimi þeirra sem sjálfir hafa upplifað það sem verið er að rannsaka (Esterberg, 2002). Upplýsingaöflun getur farið fram á fjölmarga vegu en miðar alltaf að því að skilja félagslegan veruleika þátttakenda. Við rannsóknir á minnihlutahópum er oft notast við viðtöl, þátttökuathuganir eða rýnihópa þar sem rannsakandi leiðir athugunina en er opinn fyrir því að markmiðið breytist ef upplýsingar frá þátttakendum leiða hann í aðra átt sem þarfnast frekari skýringa. Rannsakandi skoðar síðan þau gögn sem hann hefur aflað sér og greinir í þemu sem gera honum kleift að greina ákveðna heildarmynd, sameiginlega reynslu þátttakenda (Bogdan og Biklen, 1998).

2.2 Gagnaöflun og þátttakendur

Þátttakendur voru 5 talsins, á aldrinum 17 – 20, ára og allir nemendur á sérnámsbraut í sama skólanum og eiga það sameiginlegt að hafa sótt almenna áfanga innan framhaldsskólans. Vegna þess að nemendur ganga allir í sama skóla hafa niðurstöður rannsóknarinnar ekki alhæfingargildi og ná einungis til eins skóla. Þátttakendur sem höfðu náð 18 ára aldri samþykktu með undirskrift þátttöku sína í rannsókninni en þeir nemendur sem ekki höfðu náð sjálfræðisaldri fengu samþykki foreldra. Bæði þátttakendur og foreldrar fengu í hendur upplýsingar um það hvers eðlis rannsóknin væri og hvernig upplýsinga yrði aflað og með hvaða hætti. Þeir fengu einnig upplýsingar um það hvernig farið væri með gögnin að úrvinnslu lokinni. Enn fremur var trúnaði við þátttakendur gætt.

Við leituðum til nemendanna sjálfra og tókum viðtöl við fimm nemendur með þroskahömlun sem stunda nám á sérnámsbrautinni. Þar er unnið eftir því að ungmennin séu á sérnámsbraut en sækja áfanga sem þeim hentar út í almennar brautir. Þannig geti þau fengið þá aðstoð sem þau þurfa inni í bekk sérnámsbrautar. Við lögðum fyrir þau spurningar sem leiða til svara við

rannsóknarspurningum okkar er varða hug þeirra til almennu áfanganna sem þau sækja, líðan þeirra bæði í almennum áföngum og inni í bekknum á sérnámsbrautinni og svo skoðuðum við lítillaga þátttöku þeirra í félagsstarfi skólans annars vegar og þátttöku í félagsstarfi á sérnámsbrautinni hinsvegar. Mikilvægi athugunarinnar felst í því að skoða hvort yfirlýst stefna um rétta nálgun í skólamállum sé í rauninni það sem skilar sér best til nemendanna sjálfra.

2.2.1 Þátttökuathugun

Fyrsta skrefið í gagnaöflun okkar fór fram með daglegum þátttökuathugunum á tveggja mánaða tímabili þar sem við unnum að heimildaöflun auk þess sem við kynntumst starfi skólans og sérnámsbrautarinnar auk þess að vera þátttakendur í daglegu starfi nemenda og starfsfólks. Við reyndum að hafa það að viðmiði að setja okkur mörk og hafa ekki áhrif á þátttakendur þrátt fyrir virka þátttöku okkar á vettvangi en eftir því sem þátttaka rannsækenda er meiri er erfiðara að meta gögnin á hlutlægan hátt (MacMillan, 2004). Við fylgdumst með nemendum við nám og eins í blönduðum aðstæðum þar sem nemendur sérnámsbrautar og annara brauta skólans voru saman komnir í frímínútum og á matmálstímum. Okkur þóttu slíkar athuganir henta vel við okkar rannsókn til móts við viðtölin vegna þess að þær draga upp mynd af hegðun þátttakenda í orði og athöfnun innan aðstæðna hverju sinni (Kristín Björnsdóttir, 2003). Við unnum vettvangsnótur í lok hvers dags en kusum að skrá ekki athugasemdir okkar jafnóðum til þess að stinga ekki í stúf við umhverfið. Þessi þátttaka markaði efnistöð rannsóknarinnar að því leyti að eftir veru okkar á vettvangi varð okkur ljóst hvaða þættir vöktu helst áhuga okkar og forvitni.

2.2.2 Viðtöl

Við öfluðum meðal annars gagna með viðtölum við þátttakendur en það form sem við notuðumst við er kallað hálfopin viðtöl. Með hálfopnum viðtölum er átt við að rannsakandi hefur ákveðnar spurningar sem hann leggur upp með en kemur þeim inn í samtalið eftir því hvernig flæði þess er. Viðtölin eru þess vegna ekki endilega öll með sama sniði heldur fylgir rannsakandinn viðmælenda sínum og

spyr hann spurninga sem dýpka skilning á svörum (Bogdan og Biklen, 1998). Vegna þess hversu óformlegt þetta form viðtala er þarf rannsakandi að gæta þess að hans eigin skoðanir hafi ekki áhrif á framgang viðtalsins og vera næmur fyrir því þegar viðmælandi fer inn á efni sem gæti verið mikilvægt fyrir framgang rannsóknarinnar og fylgja honum þá eftir (Esterberg, 2002). Það getur haft áhrif á útkomu rannsóknar ef spurningar eru of leiðandi (Dóra Bjarnason, 2009). Viðtöl við þátttakendur með þroskahömlun þarf að fara fram með þeim hætti að þátttakendur skilji spurningarnar og geti þannig svarað þeim eftir bestu samvisku. Hins vegar er sá galli á að þegar spurningar eru umorðaðar og einfaldaðar eiga þær það til að vera lokaðar og leiðandi (Dóra S. Bjarnason, 2009; Kristín Björnsdóttir 2003). Við reyndum af þessum sökum að gæta fyllstu varúðar við framkvæmd viðtala og umorðuðum spurningar þegar þörf var á.

Viðtölin fóru fram á skólatíma og hófust á því að við útskýrðum fyrir þátttakendum markmið rannsóknarinnar og hvernig við kæmum til með að vinna úr gögnum með tilliti til nafnleyndar. Við gerðum þáttakendum einnig ljóst að viðtalið yrði tekið upp til afritunar en yrði síðan eytt.

2.3 Greining gagna

Eftir að viðtölin höfðu verið afrituð rýndum við í textann með það að leiðarljósi að finna áhugaverða flokka eða þemu til að vinna útfrá, slík aðferð er nefnd opin lyklun (Esterberg, 2002). Við fórum yfir hverja línu viðtalanna og eftir frumlestur þeirra fengum við út þemu sem við vildum skoða frekar. Við lögðum síðan upp í annan lestur handritanna með þessi þemu að marki og litamerktum þemun í textanum. Þau þemu sem við fengum upp voru nátengd rannsóknarspurningum okkar og vörpuðu ljósi á þá þætti sem við vildum vinna nánar að. Þessi þemu voru félagsleg þátttaka, nám og líðan.

3. Helstu niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á upplifun og aðstæður nemenda við einn og sama framhaldsskólann og hafa þess vegna ekki alhæfingargildi en það væri áhugavert að sjá hvort reynsla nemenda annara framhaldsskóla sé sambærileg niðurstöðum rannsóknar okkar. Við úrvinnslu gagna komu í ljós þrjú meginþemu, *félagsleg þátttaka, nám og líðan*. Niðurstöður verða í þessum kafla settar fram í ljósi þeirra.

3.1 Félagsleg þátttaka

Flestir viðmælendur okkar eru sammála um að félagslífið á sérnámsbrautinni sé mjög gott. Þau mæti reglulega á bíókvöld og aðra viðburði sem sérnámsbrautinn stendur fyrir utan skólatíma. Þau taka það öll fram að þeim líði vel innan síns bekkjar og telja sig hafa eignast vini innan hans. Þegar við spurðum nánar út í venskapinn kom þó í ljós að hann var oftast en ekki bundinn við skólann og fáiir hittu bekkjarfélagana um helgar eða að loknum skóladegi. Nám án aðgreiningar beinist líka að þessum þætti félagslegrar þátttöku og hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar er ætlað að vinna gegn hverslags aðgreiningu hvort sem hún snýr að náminu og námsefninu eða skólasamfélginu í heild (Dóra S Bjarnason, 2010). Í ljósi þess þótti okkur áhugavert að skoða upplifun nemenda af félagslegri þátttöku utan sérnámsbrautar.

Þegar nemendur eru spurðir út í félagslífið í skólanum tala þau flest um að það sé ekki mikið um að vera. Það sé lítið um böll og uppákomur utan skólatíma en jafnframt hafi þau ekki verið dugleg að sækja þá viðburði sem skólinn hafi staðið fyrir. Tveir viðmælendur okkar höfðu farið á ball en í ljós kom að þeir höfðu sótt ballið einir með hjálp foreldra sem hafi keyrt þá og sótt. Þetta er ekki í samræmi við það sem flestir framhaldsskólanemendur upplifa þegar félagahópurinn hittist og fer saman á ball. Allir viðmælendur okkar sögðust þó vilja sækja böll og aðra viðburði en þótti ekki spennandi að fara einir. Þeir tala um að vera þeirra í almennum áföngum ætti að ýta undir félagstengsl í skólanum en

aðeins einn nemandanna telur sig eiga vini í skólanum utan sérdeildarinnar. Sami nemandi tekur það fram að hann vilji frekar vera í almennum áföngum því að þá væri hann með vinum sínum í tímum. Sumir viðmælenda okkar hafa eignast kunningja sem þeir heilsa stundum á göngunum en annars finnst þeim flestum félagstengslin utan sérnámsbrautar ekki vera nein og þau ekki þekkja krakka utan sérnámsbrautarinnar. Niðurstöður rannsóknar Kristínar Björnsdóttur sýna að skólavinir svokallaðir þar sem ófatlaðir nemendur aðstoða fatlaða nemendur í skólanum leiði oft á tíðum til aukinna samskipta og að þessi samskipti geti einnig aukið félagsfærni fötluðu nemendanna og þeir þá lært af þeim hvernig unglingar „eigi að haga sér“ (2002). Þau eru yfir höfuð hlynnt því að hafa skólavin að því gefnu að það sé nemandi á þeirra aldri sem væri hvort sem er í áfanga með þeim. Einn nemandi bendir á að til að auka félagsleg samskipti þá finnist honum að það mætti vera fótbolta- eða körfuboltavöllur á skólalóðinni til að geta spilað fótbolta saman og þannig eignast féлага. Þau tala um að þau vildu meiri jafningjastuðning inni í almennum áföngum, eru samt jákvæð og segja það þeim finnist fyrirkomulagið fínt eins og það er en væru alveg til í smá stuðning til að byggja upp félagstengsl.

Þegar spurt var út í upplifun þeirra af félagslegum samskiptum á skólatíma til dæmis í frímínútum eru þau flest sammála um að þau hafi ekki orðið vör við neitt sem mætti kalla einelti eða önnur leiðindi í sinn garð. Einn nemandinn talar þó um að hann hafi verið vitni af slagsmálum og leiðindum en segist ekki hafa lent í því sjálfur. Hann segist þó hafa tekið það inn á sig og liðið mjög illa yfir því. Vettvangsathuganir okkar leiddu þó í ljós að töluvert var um stöður hvísl og að gert væri grín að nemendum sérnámsbrautarinnar. Okkur þótti einnig athyglisvert að nemendur skólans virtust margir forvitnir um starfsemi sérnámsbrautar og nemendur hennar. Í stað þess þó að þessi forvitni stuðlaði að auknum samskiptum við nemendur sérnámsbrautar á þann hátt að nemendur nálguðust fatlaða samnemendur sína til þess að spyrja þá út í námið og þá sjálfa, biðu þeir oftast með að spyrja þangað til að skóladegi nemenda sérnámsbrautar var lokið og beindu þá fyrirspurnum sínum til starfsmanna brautarinnar. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002) sem fjallar um sérnámsbrautir og skólasamfélag

kemur fram að félagsleg samskipti nemenda á sérbrautum fari aðallega fram innan brautarinnar og séu lítil sem engin við aðra nemendur skólans. Þess vegna væri það mikilvægt að fatlaðir nemendur fengju aðstoð við að kynna sig og hafa frumkvæði að samskiptum. Þetta er í samræmi við niðurstöður vettvangsathugana okkar þar sem okkur þótti áberandi hversu lítil samskipti nemendur sérnámsbrautar höfðu við aðra nemendur skólans. Ekki er ólíklegt að þetta samskiptaleyfi eigi rætur sínar í fordómum og að þeir fordómar byggist á vanþekkingu á starfsemi sérnámsbrauta og nemenda hennar (Anna Kristinsdóttir, 2005). Eins og einn viðmælandi okkar komst að orði „Sumir glápa á mann eins og maður sé heimskur en það er slatti af liði sem veit alveg hvað þetta er en þarf kannski meiri útskýringar“.

3.2 Nám

Viðmælandur okkar voru valdir með það til hliðsjónar að þau hafa reynslu bæði af því að stunda nám innan sérnámsbrautar og hafa öll sótt almenna áfanga samhliða námi sínu þar. Í námsskrá sérnámsbrauta kemur fram að tenging nemenda á sérnámsbraut við aðrar brautir skólans eigi að vera til staðar með því að gera sérnámsbrautarnemendum kleift að sækja áfanga á öðrum brautum því þannig eru þeir hluti af almenna skólastarfinu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005). Öll hafa þau farið í almenna lífsleikniáfanga á fyrsta ári og svo hafa þau valið eftir áhuga og getu af löngum lista yfir áfanga af öðrum brautum. Þar hafa þau verið að velja kvikmyndaáfanga, félagsfræði, landafræði, heimspeki, siðfræði, myndlist, íþróttir bæði bóklega og verklega og svo grunnáfangana íslensku og dönsku. Í gegnum viðtölun kemur það í ljós að krakkarnir eru yfir höfuð ánægð með að sækja almenna áfanga og að í flestum tilfellum væru þau til í að gera meira af því. Á sama tíma finnst þeim þau hafa nóg að gera í skólanum og gætu ekki séð fram á að komast yfir meira. Þau taka öll þátt í að velja sér almenna áfanga og fá að eigin sögn langan lista af áföngum til að velja úr. Einn nemandinn sagðist helst vilja vera eingöngu í almennu námi og þá með stuðning inni í tímum. Hann vill meina að veran í almennum áföngum verði til frekari kynna nemenda af sérnámsbraut

við nemendur annarra brauta og telur það gott að fá tækifæri til að kynnast almenna náminu í skólanum betur.

Í hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar er farið fram á að komið sé til móts við þarfir hvers nemenda við sömu aðstæður og í sama umhverfi (Gerður G Óskarsdóttir, 2000) svo það er sorglegt ef nemendur treysta sér til þess að vera í almennu námi með stuðningi og að ekki sé hægt að uppfylla þær óskir. Einn nemandi sem hafði reynslu af því að vera í bekk með ófötluðum nemendum með stuðning með sér þegar hann var í grunnskóla talaði um að sér findist það ekki vera nógu gott fyrirkomulag. Hann lýsti því á þessa leið:

Mér fannst þetta eiginlega ekkert sérstakt, mér fannst það ætti að vinna aðeins meira í þessu og eitthvað, gera aðeins meira útúr þessu, þannig að ég mundi, já mér fannst eins og það var svona lokaður inni í svona búi með svona þræl eða eitthvað svoleiðis, en ekki samt alveg þannig, bara til dæmis eins og stundum var ekki látið mig vita þegar þarna einhver var veikur eða svoleiðis. Til dæmis ef að ég átti að vera í þarna náttúrufræði og kennarinn var veikur enn þá mátti ég ekki fara út af því að ég var í einhverju öðru, mér fannst það svolítið leiðinlegt.

Það er misjafnt hvernig þau upplifa almennu áfangana og fer það eftir kennurum og nemendahópnum. Yfirleitt eru þau mjög ánægð með lífsleiknitímana sína en þó vildi eitt ungmennið meina að í sínum hópi væri nemendahópurinn frekar lokaður og lítið gerðist í tímunum en sami nemandi er mjög ánægður í kvikmyndaáfanga sem hann sækir og segist njóta sín vel þar. Annar nemandi talar sérstaklega um að honum sé sýndur skilningur og virðing af kennurum í almennum áföngum og að þeir hjálpi nemendum auðfúslega. Oft er litið á réttinn til menntunar sem sjálfsagðan hluta mannlegrar reisnar (Brynhildur G. Flóvenz, 2004) og skiptir þá viðmót kennara og starfsfólks skólans miklu máli sem fyrirmyndir annara nemenda svo nemendur sérnámsbrauta haldi reisn sinni innan skólasamfélagsins. Hann segir enn fremur að hann vilji ekki vera bara í almennu námi, segist muni innilokast og að hann myndi ekki ráða við það. En

hann geti ekki hugsað sér að vera bara í sérdeild þar sem það væri líka innilokun. Flest vilja þau hafa þetta eins og fyrirkomulagið í skólanum er núna þar sem þau fara sjálf út í almennu áfangana en taka það þó öll fram að það skipti þau máli að hafa sérdeildina til að sækja sér aðstoð svo þau geti haldið í við hina almennu nemendurna og náð þeim prófum sem þau geta tekið.

Vert er að hafa í huga að það sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum, hver nemandi þarf að hafa tækifæri til að læra á sínum forsendum þar sem ýmsar leiðir eru að sama takmarki en þegar öllu er á botninn hvolft þá er útkoman sú sama (Gerður G Óskarsdóttir, 2000). Í þessu ljósi er gott að sjá að þau upplifa ekki að þau þurfi að vinna minna en ófötlðu nemendurnir eða að þeim séu sett fyrir önnur og léttari verkefni í tímunum, flest upplifa þau sig sem fulla þátttakendur í tímum og bera kennurum og samnemendum vel söguna. Það kemur þó fram hjá hluta af hópnum að oft þurfi þau betri útskýringar á efninu en eru rögg við að spyrja kennarana. Einn nemandinn á erfitt með að tjá sig skiljanlega og segir það oft leiða til þess að honum líði ekki vel í almennum áföngum. Einn viðmælandi okkar sagðist einungis vilja vera við nám innan sérnámsbrautar en þegar hann var spurður hvort það hefði einhver áhrif á þá skoðun hans ef honum stæði til boða meiri aðstoð í almennum áföngum sagði hann svo vera. Honum þótti reynslan af því að sækja almenna áfanga vera jákvæð og það vera gott að upplifa hvað það væri erfitt að þurfa að standast próf og fá að kynnast því sem flestir jafnaldrar hans væru að gera í stað þess að vera lokaður af í sérdeild þar sem námið væri of létt.

Okkur lá forvitni á að vita hvort nemendum þætti námið vera við sitt hæfi og þeir voru flestir sammála um að svo væri. Þegar við spurðum þá nánar út í námið kom þó í ljós að þeim þótti of lítið um hagnýtt nám sem kæmi til með að nýtast þeim að útskrift lokinni. Þeir vildu meina að áherslan væri of mikil á bóklegt nám og að þörf væri á meiri heimilisfræði, umhverfis- og starfsmenntun. Það samræmist hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar að því leiti að skólastarfið ætti að snúast um það hvað henti hverjum og einum að taka með sér

út í lífið til þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu (Ferguson, Ralph, Meyer, Lester, Droege, Guðjónsdóttir, Sampson og Williams, 2012).

3.3 Líðan nemenda

Fordómar eru dómar sem felldir eru í garð einstaklings eða hóps fólks eftir staðalímyndum en ekki eftir persónueiginleikum (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Staðalímynd gefur ekki endilega rétta mynd af einstaklingum í hópnum en gefur þeim samt ákveðinn stimpil (Toshiki Toma, 2007). Það er að hafa skoðun á manneskju eða hópi án þess að þekkja til það fylgir því stimlun að vera á sérnámsbraut. Þegar einkenni okkar eru álitin neikvæð miðað við normið erum við stimpluð. Stimplun endurspeglar viðhorf menningar og samfélags (Guðrún Pétursdóttir, 1999).

Einn viðmælandi okkar sagðist hafa fengið spurningar um sérnámsbrautina frá krökkum í skólanum sem eru með honum í almennum tímum og er alveg fús til þess að svara þeim, líkar það vel þegar krakkarnir spyrja í stað þess að glápa bara. Sérnámsbrautin virðist veita nemendum félagslegt öryggi og þeim finnst gott að hafa það utanumhald sem hún stendur fyrir. Það öryggi sem felst í því að eiga ákveðinn samastað þar sem þú þekkir alla og allir þekkja þig. Þau tala öll, fyrir utan eitt, um það hvað þeim líkar fyrirkomulag skólans vel. „Bara þeir sem hafa einhver svona vandamál að stríða eða eru fatlaðir eða eitthvað bara koma í þennan skóla, þetta er bara frábær skóli.“ Þegar við spurðum hann frekar út í það hvað hann ætti við kom í ljós að það væri sérnámsbrautin og sá stuðningur sem nemendur hennar nytu innan veggja skólans.

Einum viðmælanar okkar þótti mjög mikilvægt að koma því á framfæri að það þarf að auka við sérdeildir í grunnskóla þar sem hann hefur reynslu af því að vera í grunnskóla sem er ekki með sérdeild og upplifði þar mikla höfnun, vanmátt og einelti og lýsir því sem helvíti. Þaðan fór hann í unglingsdeild þar sem var sérdeild og við þau skipti upplifði hann mikinn létti. Þetta rímar við það sem kemur fram í grein Dóru S. Bjarnason, *Through the Maze: What is Special*

education in inclusive settings, þar sem það kemur líka fram að nemendur upplifi létti þegar þau koma úr almennu kerfi yfir í sérdeild. Þar er áreitið minna og meiri aðstoð við námið sem hentar þeim betur (Dóra S Bjarnason, 2010). Honum fannst hræðilegt að vera alltaf tekinn út úr tíma í sérkennslu og finnst það betri leið að vera í sérdeild og sækja út í almennt kerfi.

Sumir viðmælendur okkar töluðu um að þau vildu bara vera inni á sérnámsbrautinni en í næstu setningu kemur jafnvel fram að þau vilji vera meira í almennum áföngum heldur en þau eru nú þegar. Þau tala um að sérnámsbrautin sé skemmtileg, að þeim líði vel í skólanum og að það sé mjög mikilvægt að fá alla aðstoð sem þau þurfa til að geta klára verkefnið í almennum áföngunum. Þeir viðmælendur okkar sem höfðu gengið í almennan grunnskóla voru ekki jafn jákvæðir á þáttöku í almennum áföngum og töluðu mun meira um þá öryggisfinningu sem sérnámsbrautin veitti þeim. Þeir sem höfðu verið við grunnskólanám í sérskólum virtust öruggari innan skólans og upplifðu sig síður utangarðs. Skóli án aðgreiningar vinnur að því markmiði að öllum sé kennt saman þar sem allir stefna að sama markmiði en á mismunandi hátt. Hver nemandi lærir á sínum forsendum þar sem ýmsar leiðir eru að sama takmarki, það sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum en þegar öllu er á botninn hvolft þá er útkoman sú sama (Gerður G Óskarsdóttir, 2000). Viðmælendur okkar segjast upplifa að það séu gerðar námslegar kröfur til þeirra og vilja meina að námsefnið sé nokkuð strembið en þó viðráðanlegt. Einnig eru gerðar félagslegar kröfur til þeirra í sérdeildinni sem þau finna fyrir og þau tala mikið um að gott andrúmsloft sé í bekknum og að þeim líði vel.

Nám án aðgreiningar beinist líka að félagslegu hliðinni þar sem hugmyndafræðin vinnur gegn hverslags aðgreiningu hvort sem það lýtur að náminu og námsefninu eða skólasamfélaginu í heild (Dóra S Bjarnason, 2010).

3.4 Samantekt

- Nemendurnir voru jákvæðir í garð skólans og starfsmanna hans.
- Fyrra nám nemenda var af ólíkum toga en þeir komu úr sérskólum, almennum grunnskólum og sérbrautum almennra grunnskóla.
- Þátttaka nemenda sérbrautar af félagslífi skólans er af skornum skammti.
- Nemendur hafa lítil samskipti við aðra nemendur sérnámsbrautar utan skólatíma.
- Fæstir viðmælendur okkar lifa virku félagslífi.
- Allir viðmælendur okkar lýstu yfir áhuga á frekari þátttöku í félagslífi skólans utan skólatíma.
- Allir viðmælendur okkar höfðu áhuga á frekari þátttöku í almennum áföngum en töldu sig þurfa til þess frekari stuðning.
- Þeir nemendur sem höfðu verið í almennum grunnskóla upplifðu mikinn létti við að hefja nám á sérbraut.
- Viðmælendur okkar voru sammála um að þeir höfðu lítið val um framhaldsskóla að loknum grunnskóla.

Niðurstaða rannsóknar okkar er sú að viðmælendur okkar eru almennt ánægðir með skólann sinn og námið. Þeim finnst sérnámsbrautin nauðsynlegt bakland sæki þeir almenna áfanga en innan hennar hafi þeir næði, upplifi sig örugga og afslappaða. Sú aðstoð sem þeim stendur til boða við heimavinnu almennra áfanga innan sérnámsbrautar er forsenda þess að geta sótt aðra áfanga. Viðmælendur okkar sögðust allir vilja hafa meira val um almenna áfanga en að stuðningur inni í almennum áföngum væri forsenda þess að geta valið um fleiri áfanga. Þeir segja sérnámsbrautina mikilvæga að því leiti að þau finni til félagslegs öryggis þar inni því það væri ákveðið álag að vera í kringum ófatlaða nemendur en í kringum þá upplifðu þau sig stundum sem öðruvísi og eru ekki viss

um það hvernig þau eigi að haga sér. Nemendur sérnámsbrauta halda mikið hópinn á skólatíma utan einstaka nemendur sem eiga í takmörkuðum samskiptum við aðra hópa innan skólans.

Félagsleg samskipti á milli nemenda sérnámsbrautar og almennra brauta er af skornum skammti bæði félags- og námslega. Við teljum rót þessa samskiptaleysis liggja í fordómum í garð fatlaðra nemenda og að uppspretta allra fordóma sé fáfræði.

4. Tillögur að úrbótum

Í ljósi niðurstaðna okkar leggjum við fram tillögu um fræðslu fyrir alla nemendur skólans sem lögum samkvæmt á að vera án aðgreiningar hljóti fræðslu um það hvað felst í skólamenningu í anda hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Við teljum slíka fræðslu geta stuðlað að auknum félagslegum samskiptum nemenda sérnámsbrautar og annara nemenda skólans. Við teljum framhaldsskólanemendur þurfa á fræðslu að halda um fatlaða skólafélaga sína og nám þeirra við sérnámsbrautir og að ryðja þurfi úr vegi hindrunum í formi fordóma og aðgreiningar og skapa fleiri tækifæri til aukinnar umgengni fatlaðra og ófatlaðra nemenda skólans. Virðing og umburðarlyndi fólks vex með jákvæðum samskiptum, þekkingu og skilningi.

4.1 Vettvangur fræðslu

Við teljum mikilvægt að allir framhaldsskólanemendur nytu góðs af fræðslu um skóla án aðgreiningar og þá hugmyndafræði og mannréttindasjónarmið sem liggja að baki henni. Slík fræðsla þyrfti að ná til allra nemenda skólans og í því ljósi veltum við því fyrir okkur hvort ekki væri nú þegar til einhver vettvangur innan skólans þar sem hægt væri að ná til sem flestra nemenda. Í ljós kom að sá vettvangur er í raun til staðar en öllum framhaldsskólanemendum er skylt að sækja lífsleikniáfanga við upphaf skólagöngunnar. Vettvangurinn er til staðar það þarf einungis að virkja hann.

Markmið lífsleikni áfangans felast í því að gefa nemandanum tólm til að dýpka skilning sinn á sjálfum sér og umhverfi sínu og styrkja hann til að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd nemandans og trú á eigin getu en jafnframt gera hann meðvitaðan um þá ábyrgð sem hann hefur í samskiptum við aðra. Í lífsleikni er stuðlað að viðkyrningu nemenda í upphafi náms því sterk félagsbönd milli nemenda styrkja þá í að takast á við krefjandi nám og leggja einnig grunn að frjóu menntasamfélagi.

Meðal þeirrar fræðslu sem nemendur hljóta í lífsleikni er kynning á skólanum, námsbrautum hans og þjónustu. Við veltum því fyrir okkur hvers vegna kynning á sérnámsbrautinni væri ekki sjálfsagður hluti af þeirri kynningu og hvort þarna væri ekki kjörinn vettvangur til þess að ná til sem flestra nemenda

Lífsleikniáfangi fyrir nýnema hefst á því á því að nemendur eru kynntir fyrir áfanganum sjálfum og skólanum. Sérnámsbrautin er partur af skólanum og gæti þannig fengið sérstakan sess innan þessarar kynningar. Þar sem réttindabarátta minnihlutahópa felst í að þeir efla sjálfsmynd sína með því að draga fram sérstöðu sína og fá samfélagið til að viðurkenna hana sem hluta þess, færi vel á því að sérnámsbrautin væri sérstaklega kynnt og að nemendur af sérnámsbraut kæmu í tímann og sæju sjálfir um að kynna sig, fötlun sína og námsbrautina sína.

Meðfram þessari kynningu væri fyrirkomulagið skólavinur kynnt en það verkefni er starfrækt með dræmri þátttöku innan skólans nú þegar. Þar gefst nemendum kostur á því að vinna sér inn einingar með því að aðstoða nemendur sérnámsbrautar á ýmsan hátt með tilliti til þess að auka samskipti innan skólans í frítíma og í almennum tímum. Ákjósanlegt væri að verkefni skólavina færðust út fyrir hefðbundinn skólatíma og að nemendur sérnámsbrautar gætu nýtt sér skólavini til þess að sækja skólaböll og aðra viðburði á vegum skólans en eins og fram kom í niðurstöðum okkar veigra nemendur sérnámsbrautar sem hafa áhuga á að sækja slíkar skemmtanir sökum þess að vilja ekki gera það einir.

Þessi fræðsla á nemendum og starfsemi sérnámsbrautar ætti að verða til þess að þátttaka nemenda af sérnámsbraut verði meiri þar sem almennir nemendur þekkja þá að einhverju leyti til fatlaðra samnemenda sinna þegar þau

rekast á þá í almenningi skólans og það er margsannað að fræðsla minnkar fordóma og hræðslu.

Við leggjum til að sem flestir nemendur af sérnámsbraut sækji tíma í lífsleikni jafnvel þó svo að þeir eigi ekki erindi í alla tímana og ekki alltaf heilar kennslustundir. Við viljum sjá sem fjölbreyttastan hóp nemenda og þykir þetta kjörinn vettvangur fyrir þá nemendur sérnámsbrautar sem annars hafa ekki forsendur til þess að sækja aðra almenna áfanga á skólagöngunni. Það er þeim alveg jafn mikilvægt að eiga greiðan aðgang að slíkum tímum jafnvel þó svo að þeir sækji einungis nokkra tíma yfir önnina og þess vegna aðeins í stutta stund hvert skipti. Það gefi þeim innsýn í það hvernig námið fer fram utan sérnámsbrautarinnar og í það sem er um að vera í skólanum hverju sinni. Eins væri það í anda hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar að nemendahópurinn sé sem fjölbreyttastur og að sem flestir nemendur af sérnámsbraut taki þátt í þessum kennslustundum og í áfanganum yfirleitt.

4.2 Undirbúningur

Við bárum hugmynd okkar undir fagstjóra og þroskaþjálfara á sérnámsbraut skólans. Þeir tóku vel í hugmyndina og þótti sú hugmynd að samþætta fræðsluna lífsleikniáföngum vera kjörin til þess að festa hana í sessi. Þeir töldu einnig að slík fræðsla væri vel til þess fallin að auka samskipti nemenda og þáttöku í skólavinaverkefninu sem hefur ekki verið mikil fram að þessu. Fagstjóri sérnámsbrautarinnar tók það vel í hugmyndina að til stendur að hrinda henni í framkvæmd á næstkomandi skólaári. Að því loknu bárum við hugmyndina undir þá nemendur sem höfðu tekið þátt í rannsókninni. Þau voru öll jákvæð gagnvart henni og tóku mjög vel í að sjá um það sjálf að kynna sig og námið sitt þar sem þau töluðu um að þeim þætti óþægilegt að fólk væri að horfa og þískra í stað þess að hreinlega spyrja og þarna var kominn vettvangur til þess. Með þá vitneskju að vopni ákváðum við að bera hugmyndina undir lífsleiknikennara innan skólans. Við fórum yfir námsáætlun í lífsleikni með þeim og í ljós kom að fræðslan átti mjög vel við þá þætti sem áfanginn tekur til og að vel væri hægt að koma henni inn í námsáætlun hans.

Með þessar upplýsingar í höndunum kynntum við okkur vinnubrögð við gerð þróunaráætlana og hófumst handa. Við byrjuðum á því að setja fram þau markmið sem við viljum vinna að með fræðsluverkefninu en þau eru að skólanum takist að færa hugmyndafræðina um skóla margbreytileikans skrefinu lengra. Þar sem framhaldsskólinn er fremur stutt komin í innleiðingu hugmyndafræðinnar miðað við grunnskólann þá getur þetta tvímælalaust verið skref í rétta átt. Annað markmið okkar er að sem flestir nemendur skólans þekki kjarna stefnu um skóla án aðgreiningar en við teljum mikilvægt að þeir þekki bæði kjarna hugmyndafræðinnar og þau mannréttindasjónarmið sem liggja að baki henni. Þannig yrði öllum nemendum ljóst að þeir gegni hlutverki í skóla margbreytileikans. Að lokum vonumst við til þess að fræðslan skili sér í aukinni þátttöku nemenda af sérnámsbraut í skólasamfélaginu.

4.3 Framkvæmd fræðslu

Við leggjum til að framkvæmd fræðslunnar verði að mestu í höndum nemenda sérnámsbrautar og að sem fjölbreyttastur hópur nemenda taki þátt í kynningunni. Ákjósanlegt væri að einn nemandi frá hverjum bekk myndu sjá um kynningu á sjálfum sér eins og honum hentaði og að einhverju leyti kynna fyrirkomulagið á náminu í sínum bekk. Skipulag fræðslunnar gæti verið á þá leið að almenn kynning á hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og þau mannréttindasjónarmið sem hún byggir á færi fram í upphafi fræðslunnar. Sú kynning gæti verið samvinnuverkefni nemanda á sérnámsbraut, þroskaþjálfra og lífsleiknikennarans. Að almennri kynningu lokinni væri kjörið að þeir nemendur sérnámsbrautar sem eru viðstaddir kynni sig stuttlega og námið sitt. Með því að þeir nemendur sem vilja kynni sig skapast frekari grundvöllur fyrir því að aðrir nemendur sem sitja áfangann og eiga svipuð áhugamál eða skoðanir geti boðið sig fram til skólavinar en niðurstöður rannsóknar okkar bentu til þess að nemendum sérnámsbrautar þætti mikilvægt að eiga eitthvað sameiginlegt með þeim skólavini sem væri þeim til stuðnings. Okkur þykir skipta máli að í kennslustundinni þar sem fræðslan fer fram, sé nemendahópurinn fjölbreyttur og að fleiri nemendur af sérnámsbraut en þeir sem sjá um kynningar væru í

hópnum. Að lokinni kynningu nemenda væri ákjósanlegt að kennari hvetji til opinna umræðna og fyrirspurna í formi umræðuhópa, en það form hefur gefið góða raun við svipaða fræðslu.

4.4 Árangur sem stefnt er að

Við vonumst til þess fræðslan skili sér í aukinni þátttöku í verkefninu “skólavinir” sem leiði til aukinna samskipta nemenda skólans en niðurstöður rannsóknar Kristínar Björnsdóttur (2002) sýna að skólavinir leiði oft á tíðum til aukinna samskipta og að þessi samskipti geti einnig aukið félagsfærni fötluðu nemendanna og þeir þá lært af þeim hvernig unglingar „eigi að haga sér“. Aukin þekking ætti svo að leiða til aukinna samskipta og draga úr fordómum því rót þeirra liggur oftast en ekki í fáfræði og ótta við það sem fólk þekkir ekki. Allir þessir þættir væru svo til þess fallnir að gera upplifun nemenda af framhaldsskólagöngunni jákvæðari og skemmtilegri.

Lokaorð

Þrátt fyrir jákvæða þróun í átt til fullkominnar þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu er enn langt í land. Menntastofnanir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í þessu þróunarferli því þeim er ætlað að móta einstaklinga á þann hátt að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðissamfélagi. Þróunin gengur þó ekki nægilega hratt fyrir sig og á efri stigum menntakerfisins er lengra í land en á leik- og grunnskólastigi. Stutt er síðan fötluðum nemendum sem ekki gátu stundað nám á almennum brautum framhaldsskólanna var tryggður réttur til framhaldsskólamenntunar. Á þeim tíma hefur fötluðum framhaldsskólanemendum fjölgað til muna en kröfur um aðgerðir í átt til frekari þátttöku í stað sérúrræða ekki verið jafn háværar og á yngri menntastigum. Þó má leiða líkum að því að þróun í átt að skóla án aðgreiningar á yngri menntastigum verði til þess að framhaldsskólarnir fylgi í kjölfarið. Við teljum það fagfólk sem kemur að málefnum fatlaðra innan framhaldsskólanna megi ekki sofna á verðinum í þessari mikilvægu þróun. Það þurfi að virkja nemendur til afskipta og kerfið til þess að það taki við sér en viðhorf og þekking stjórnenda skólanna skiptir höfuðmáli þegar kemur að þróun námsframboðs fyrir

fatlaða framhaldsskólanemendur. Það er mikill metnaður innan sérnámsbrautanna og áhugavert verður að fylgjast með þróun mála á komandi árum.

Rannsókn okkar leiddi í ljós að nemendur sérnámsbrautar hafa sterkar skoðanir á því hvernig námi þeirra skuli háttað og það ber að hlusta á þær. Það má greina ákveðna hræðslu nemenda við að hugmyndafræði og sýn fagfólks verði velferð þeirra og vilja ofar þegar færa á skólann skrefinu nær hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar. Í samvinnu við nemendur, aðstandendur og fagfólk ætti að vera hægt að vinna að því markmiði í sameiningu með sjónarmið nemenda og hugmyndafræði um réttlátt samfélag að markmiði.

Þar sem rannsóknin er aðeins unnin við einn skóla hefur hún ekki alhæfingargildi en áhugavert væri að færa hana yfir á fleiri skóla og bera niðurstöðurnar saman.

Við vonumst svo til þess að árangur fræðsluverkefnisins verði góður og að viðlíka fræðsla verði innleidd í lífsleikniáfangi sem flestra framhaldsskóla.

Það er von okkar og ásetningur að þróunin haldi áfram að vera jafn hröð og hún hefur verið svo að við getum upplifað það í náninni framtíð að fatlað fólk sé fullgildir samfélagsþegnar og að skóli án aðgreiningar, þar sem fatlaðir nemendur eiga þess kost á að stunda nám í framhaldsskóla við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna, verði að veruleika.

Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti. (2011). Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið. Sótt 11. mars 2012 af

http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/_3954

Anna Kristinsdóttir. (2005). *Samfélagið setur fjötrana.* [Viðtal]. Þroskahjálp 3(27).

(bls. 5-11).

Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education. An*

introduction to theory and methods. Boston: Allyn and Bacon.

Brynhildur G. Flóvenz. (2004). *Réttarstaða fatlaðra.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dóra S Bjarnason. (2010). *Through the Maze: What is (special-) education in*

inclusive settings? Óútgefin grein. Sótt 10. mars. 2012 af

[lora.klaki.net/What_is_\(special\)education.doc](http://lora.klaki.net/What_is_(special)education.doc)

Dóra S Bjarnason. (2006). *From the toolbox of theory: Which theoretical tools are*

useful for understanding inclusive practice in Icelandic schools? Í G. T.

P.M.S. Giannakaki, Y. Poizos and J.K. Richards (Ritstj.), The 8th

international conference on Education. Aþena: Research on Education.

Dóra S Bjarnason. (2009). *Walking on eggshells.* Educare(4), 19-33. Sótt 4.mars.

2012 af

http://www.mah.se/PageFiles/16022/educare%202009_4.pdf?epslanguage=sv

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in social Research.* Boston: McGraw-

Hill.

Ferguson, Dianne L., Ralph, Ginevra., Meyer, Gwen., Lester, Jackie., Droege, Cleo., Guðjónsdóttir, Hafdís., Sampson, Nadia Katul. og Williams, Janet. (2012).

Nám fyrir alla (Ásta Björk Björnsdóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

(Upphaflega gefið út 2001).

Fjölbrautarskólinn við Ármúla e.d. Sótt 16. mars af

<http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/brautir/sernamsbraut/namskra/>

Gerður G Óskarsdóttir (Ritstj.). (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur:*

könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd. Reykjavík:

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Helga Gísladóttir. (2007). *Nám á starfsbraut í framhaldsskóla : undirbúningur fyrir*

fullorðinsár. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2005). *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í*

atvinnulíf. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.

Kristín Björnsdóttir. (2002). *Proskaheftir framhaldsskólanemendur.* Óbirt M.A.

ritgerð í uppeldis- og menntunarfræði: Háskóli Íslands.

Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján

Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í*

heilbrigðisvísindum (bls. 237-346). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sótt 7. Febrúar 2012 af

<http://www.althingi.is/lagas/137/2008092.html>

Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996. Sótt 12. apríl af

<http://www.althingi.is/lagas/135a/1996080.html>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sótt 12. apríl 2012 af

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt 12. apríl 2012 af

<http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>

McMillan, J. 2004. *Educational Research: Fundamentals for the Consumer*

(4.úgáfa) New York: Longman

Mara Sapon-Shevin. (2007). *Widening the Circle*. Beacon Press. Boston

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna. (2008). Sótt 7.febrúar 2012 af

http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Mannrettinda_ICEHR.pdf

Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla sérdeildir. (2005). Sótt 14. Febrúar

2010 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/starfsbrautir2005.pdf>

Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2003). *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar*

Rannsóknir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannson,

Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (2005). *Aukin gæði náms*.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík.

Salamanca yfirlýsingin. (1994). Sótt 12. Febrúar 2012 af

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/utgefing-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137>

Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2009). Sótt 7.febrúar

af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>

Shakespeare, T. (2006). *Disability Rights and Wrongs*. London: Routledge.

Toshiki Toma (2007a). Fordómar og starf gegn fordómum. Í Hanna Ragnarsdóttir,

Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson (2007). *Fjölmennning á Íslandi*. Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan. Bls. 57-73.

Tössebro, J. (2004). Introduction to the special issues: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6, 3-7.

Vilhjálmur Árnason (2000). *Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu*. 2. útgáfa, aukin og endurbætt, Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan 2003. Upphaflega útgáfa 1993. Kiljuútgáfa 1997.